

## KENRARARÁÐ

Sjötti fundur ráðsins var fjarfundur í Teams-kerfinu. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 10:00.

### Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðalfulltrúar ráðsins.

### Mætt:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður sem stýrði fundinum, Anna María Gunnarsdóttir, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Karl Frímansson, Kristinn Þorsteinsson (varamaður Guðbjargar Aðalbergdóttur), Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir og Þorgerður Diðriksdóttir,.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar, ritaði fundargerð.

### Dagskrá og fundargerð:

#### 1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá fundarins né fundargerð síðasta fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

#### 2. Vinnuhópur um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Anna María Gunnarsdóttir hópstjóri greindi frá vinnu hópsins. Hún tók saman minnisblað um vinnuna og er minnisblaðið á Teams-svæði Kennararáðs. Hópurinn hefur verið að viðá að sér efni sem varða verkefni hópsins.

#### 3. Hæfniramminn

*a. Vinnuhópur um almenna hæfni kennara og skólastjórnenda.* Varaformaður ráðsins, hópstjóri, fór yfir stöðirnar, sviðin og hæfniviðmiðin sem ramminn byggir á. Hún greindi frá umræðu um hvort fjallað væri um „kennara og skólastjórnendur“ eða einunigs „kennara“ þegar um almennu hæfnina væri að ræða. Rætt um hvort og hvernig ætti að ávarpa nemendur í ljósi orðræðunnar á hverju skólastigi; nemendur, börn og ungmenni, börn, ungmenni og fullorðna eða allir.

*b. Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda.* Hæfniramminn byggir á fjórum sviðum og undir hverju þeirra er punktar sem varða hvert svið fyrir sig. Rætt um hvort og þá hvernig kennslufræðileg forysta skólastjórnenda eigi að birtast í hæfnirammnum.

*c. Vinnuhópur um hæfni kennara í íslensku.* Anna María fór yfir tillögur hópsins. Hæfniramminn byggir á tveimur leiðum; annars vegar kennarar sem taka kennaramenntun á Íslandi og hins vegar þeir sem taka kennaramenntun annars staðar. Rætt um hvort og þá hvernig leiðirnar samræmast reglum og viðmiðum í öðrum löndum. Einnig var rætt um hvort tónlistarkennarar eigi aðkomu að hæfnirömmum. Hópurinn óskaði eftir lengri tíma til að skoða nánar atriði varðandi hæfnirammann og viðmiðin ásamt því að fá skýrari línur um framhaldið. Ákveðið að hópurinn fengi lengri tíma og að á næsta fundi Kennararáðs yrði ramminn sérstaklega til umræðu og þá yrðu væntanlega til skýrari línur um framhaldið.

*d. Næstu skref í vinnu hæfnirammanna.* Rætt um hvaða verkefni standa út af hjá hópunum. Í umræðum kom fram að næstu skref hjá hópi 1 er að lesa skjölin um almenna rammann og sérhæfða ramma skólastjórnenda saman áður en hægt er skila skjölunum endanlega.

### **3. Önnur mál.**

Næsti fundur verður miðvikudaginn 20. janúar annað hvort kl. 9 eða 10 og formaður óskaði eftir því við fundarmenn að þau sendu honum tölvupóst varðandi tillögur að fundardögum og fundartíma eftir áramót.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12:10.